

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislataekjum og geisla-
virkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum.
Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	77.500 28.000
b) Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	100.000 36.500
c) Tölvusneiðmyndataeki og O-bogar fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	133.500 77.500
d) Tannröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	38.500 16.500
e) Tölvusneiðmyndataeki við tannlækningar	104.000
f) Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða) fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	65.500 33.500
g) Dýralækningaröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni	60.500 19.500
h) Skermuð öryggisröntgentæki fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni: fimm eða færri tæki fyrir hvert tæki umfram fimm	44.000 19.500 14.000
i) Skermuð röntgentæki til efnarannsóknar og gæðaeftirlits í iðnaði fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og með sama ábyrgðarmann	38.500 14.000
2. <i>Geislalækningatæki, línuhraðlar og hringhraðlar</i> Fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	101.000 34.500
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir</i> Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	111.500 76.000 48.500
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir</i> a) Nifteindalindir eða hágeislavirkar lindir (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015 og ráðleggingar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar) i) fyrir hverja nifteindalind/hágeislavirka lind til viðbótar hjá sama aðila	60.000 24.500
b) Kvörðunarlindir, allt að tíu á sama vinnustað og sem tilheyra sama ábyrgðarmanni i) fyrir hverja kvörðunarlind umfram tíu lindir	56.500 5.500
c) Aðrar lokaðar geislalindir fyrir hverja eins lind til viðbótar: i) fimm eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann ii) fyrir hverja lind umfram fimm á sama stað með sama ábyrgðarmann	56.500 16.500 14.000

5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks</i>	
Almennar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	3.000
Fyrir hvern TLD mæli sem týnist eða skemmist	8.500
Sérhæfðar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil	6.000

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. <i>Vegna geislataekja í lækniþæði</i>	kr.
a) Tannröntgentæki	13.000
b) Röntgentæki til dýralækninga	19.500
c) Röntgentæki til sjúkdómsgreininga	19.500
d) Geislalækningatæki og línuhraðlar	32.000
2. <i>Vegna geislataekja í iðnaði og við öryggisgæslu</i>	
a) Skermuð röntgentæki	13.000
b) Háorkuröntgentæki	19.500
3. <i>Vegna lokaðra geislalinda</i>	
a) Innflutningur og/eða geymsla	19.500
b) Notkun annarra geislalinda en í c-lið	19.500
c) Notkun nifteindalinda eða hágeislavirkra linda (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015 og ráðleggingar Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar)	32.500
4. <i>Vegna opinna geislalinda</i>	
a) Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg starfsemi	19.500
b) Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg starfsemi	26.000
c) Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg starfsemi	32.000
d) Framleiðsla geislavirkra efna	257.500
e) Innflutningur og/eða geymsla	19.500
5. <i>Mat á skermmun, nýr staður eða breytingar</i>	19.500
6. <i>Vegna endurútgáfu leyfa (nýr ábyrgðarmaður eða kennitala leyfishafa)</i>	
a) Fyrir allt að þrjú tæki/lindir	13.000
b) Fyrir hvert tæki til viðbótar	3.500
7. <i>Vegna notkunar leysa og leysibenda</i>	
a) Tónleikar og ýmsar sýningar, einn viðburður, almenn afgreiðsla	27.500
b) Tónleikar og ýmsar sýningar, hraðafgreiðsla (innan fjögurra virkra daga)	54.500
c) Tónleikar og ýmsar sýningar, fleiri en einn viðburður, almenn afgreiðsla	54.500
d) Önnur notkun	13.000
8. Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 18.000 kr./klst. vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga um geislavarnir vegna annars en þess sem talið er upp hér að ofan.	

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits vegna þess að ekki er orðið við kröfum um úrbætur innan tiltekins tíma skal innheimt gjald skv. 5. gr. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna þess að ekki hefur verið orðið við kröfum um úrbætur sem gerðar voru við reglubundið eftirlit þrátt fyrir endurtekna eftirfylgni skal greiða fyrir það líkt og um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald á hverja klukkustund fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum:

	kr.
a) Sérfræðingur	20.000
b) Fulltrúi	15.500

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í tvö ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir ýmsar mælingar sem Geislavarnir framkvæma skal stofnunin innheimta gjald, að fjárhæð:

	kr.
a) Geislun eða geislavirkni	32.000
b) Rafsegulsvið, útfjólublá geislun og geislun frá leysum, fyrir allt að átta mælingar á sama stað	64.000
c) Leysibendar, allt að fjórar mælingar	13.000
d) Leysibendar, hver mæling umfram fjórar mælingar	3.000
e) Stroksýni, sem ekki er hluti af eftirliti, ef farið er á staðinn	40.000
f) Stroksýni, sem ekki er hluti af eftirliti, ekki farið á staðinn	20.000
g) Fyrir hvert auka stroksýni	5.000

Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té skal innheimta 5.000 kr.

Ef mælingar á rafsegulsviði eru í vinnuumhverfi, þ.e. á svæði þar sem starfsfólk getur verið að störfum, skal stofnunin meta umfang hvernar mælingar fyrir sig og innheimta tímagjald fyrir veitta þjónustu skv. 5. gr.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. og 21. gr. laga um geislavarnir, nr. 44/2002, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 1485/2020.

Heilbrigðisráðuneytinu, 2. febrúar 2022.

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra.

Ásta Valdimarsdóttir.